

# Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

## FUNDARGERÐ

### 2. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 27. júlí árið 2006. Fundurinn fór fram á hreppsskrifstofu Aðaldælahrepps Íðjugerði 1, og hófst fundur kl. 13<sup>00</sup>.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

1. **Innkomið bréf. Erindi til kynningar.**

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí 2006. Stofnunin geri ekki athugasemdir við byggingarleyfi á íbúðarhúsi í landi Sólvangs Þingeyjarsveit.

2. **Erindi frá Valdemar Davíðssyni Naustum 1 600 Akurevri.**

Sækir um byggingaleyfi fyrir 60,6 m<sup>2</sup> sumarhúsi á lóð E 09 í Lundsskógi þingeyjarsveit. Teikning frá Tryggva Tryggvasyni á Opus fylgdi.  
*Bygginganefnd samþykkir erindið með fyrirvara um þinglýsingu lóðarsamnings*

3. **Erindi frá Halldóri Jóhannssyni landslagsarkitekt**

fh. Hótel Valhallar eiganda fasteignar og lóðar úr landi Skútustaða og Álftagerðis. Þar er nú rekið Hótelg Gígur.

Halldór óskar umsagnar bygginganefndar um möguleika á byggingu sjálfstæðrar gistiálmú á lóðinni.

Fyrirhugað hús er með mænissstefnu norður/suður og er staðsett syðst og austast á lóðinni. Frumtillögur af húsinu ásamt staðsetningu fylgir erindinu.

*Bygginganefnd tekur ekki afstöðu til erindisins að svo stöddu, lóðarréttindi óviss og fjarlægð frá þjóðvegi. Erindið verði sent Umhverfisstofnun og vegagerð ríkisins til kynningar. Ennfremur verði erindið kynnt fyrir nágrönnum.*

4. **Erindi frá Þingeyjarsveit**

Óskað er eftir umsögn byggingarnefndar um umsókn Hjartar Valgeirssonar fh Flugleiðahótel um tímabundið leyfi til áfengisveitinga á Hótel Eddu Stóru Tjörnum Þingeyjarsveit.

*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn, enda hefur húsnæðið aðstöðu til þess.*

5. **Erindi frá Davíð Herbertssyni, Hrisgerði, Þingeyjarsveit**

Ósk um byggingarleyfi fyrir einbýlishús.

Byggingarnefnd frestaði afgreiðslu á síðasta fundi þar sem teikningar lágu ekki fyrir. Teikningar eru nú komnar af 89 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi gerðri af ABS Teiknistofu.

*Bygginganefnd samþykkir erindið.*

6. **Erindi frá Jóhanni F. Kristjánssyni Sogavegi 129 108 Reykjavík.**

Sækir um byggingarleyfi fyrir 50 m<sup>2</sup> sumarhúsi á lóð sinni í landi Bjarkar Skútustaðahreppi. Teikning frá Teiknistofu Hauks Viktorssonar fylgdi.

*Þar sem deiliskipulag og aðalskipulag liggur ekki fyrir samþykkir bygginganefnd stöðuleyfi til þriggja ára. Sækja skal um byggingarelyfi þegar aðalskipulag liggur fyrir.*

7. **Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni Skútustöðum Mývatnssveit.**

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

Sækir um breytta notkun á gamalli sundlaug við Álftagerði. Starfsemin í húsinu verði breytt í starfsmannarými auk geymslu. Skipt verði um þak en útliti að öðru leyti ekki breytt. Ekki fylgdu teikningar með erindinu.

*Byggingarnefnd óskar eftir teikningum af breytingum á húsnæðinu og frestar afgreiðslu þar til teikningar liggja fyrir. Framkvæmdum verði frestað þar til nýtt erindi berst nefndinni.*

### **8. Erindi frá Óla Austfjörð Holtagötu 11 600 Akureyri.**

Sækir um byggingarleyfi fyrir 9,8 m<sup>2</sup> viðbyggingu við sumarhús nr. 6 í landi Árbótar. Teikning frá Bjarna Reykjalin arkitekt fylgdi erindinu. Jafnframt eru teikningar áritaðar af næstu nágrönnum þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við bygginguna. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

### **9. Erindi frá Tækniþingi ehf. fh. Maríu Sigurðardóttur Smáragrund, 650 Laugar.**

Óskað er byggingarleyfis fyrir einbýlishúsi ásamt bílgeymslu á lóð Maríu í landi Lauta vestan Þjóðvegur 1. Húsið er Bjálkahús 138,4 m<sup>2</sup>. Teikningar frá Tækniþingi fylgdu.

*Byggingarnefnd samþykkti erindið.*

### **10. Önnur mál.**

*Byggingarfulltrúa hefur borist upplýsingar um að framkvæmdir séu hafnar við byggingu fjögurra smáhýsa í landi Geiteyjarstrandar I í Skútustaðarhreppi. Umsókn um byggingu þeirra var tekin fyrir í byggingarnefnd 26. apríl 2006, þar sem nefndin frestaði afgreiðslu erindisins og byggingarfulltrúa falið að afla upplýsinga um snyrtiaðstöðu og fjarlægð frá vatni. Byggingarfulltrúa hefur ekki borist upplýsingar eða teikningar um snyrtiaðstöðu. Fjarlægð húsanna frá vatni virðist ekki uppfylla skilyrði 3. mgr. 2. gr. laga um verndun Laxár og Mývatns í Suður Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.*

*Í ljósi þess að framkvæmdir eru hafnar án leyfis, samþykkir byggingarnefnd að frmkvæmdir verði stöðvaðar á grundvelli 209. gr. byggingareglugerðar nr. 44/1998 og byggingarfulltrúa falin framkvæmd málsins.*

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15.00

Eiður Árnason  
Jóhannes Steingrímsson  
Sigurður Ólafsson  
Kristján Snæbjörnsson  
Jónas Reynir Helgason  
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi